



Fjölbautaskóli Suðurlands

TRÉSÍVÁ05

Námsáætlun – haustið 2021

Kennari:	Skammstöfun	Netfang
Óskar G. Jónsson	ÓGJ	oskar@fsu.is
Hjalti Guðmundsson	HG	hjalti@fsu.is

Áfangalýsing:

Í þessum byrjunaráfanga byggingatækni er fræðilegur grunnur byrjunaráfanganna í tréiðnum kynntur fyrir nemendum. Fjallað er um umgengni við efni, vélar, verkfæri og vinnustaðinn með áherslu á verkstæðishluta iðngreinarinnar. Lögð er áhersla á að nemandinn tileinki sér faglega náglun á þeim verkefnum sem unnin eru samhliða áfanganum. Kenndar eru samsetningar, lausnir og hugtök sem leggja grunninn að góðum vinnubrögðum við almenna trúsmíði. Einnig vinna nemendur verkefni tengd áfanganum með það fyrir augum að auka áhuga þeirra og kynna þeim mikilvægi þekkingar og fagmennsku í iðngreininni.

Undanfari:

Pekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu og notkun helstu rafmagnshandverkfæra
- öryggisþáttum og viðhaldi rafmagnshandverkfæra og trésmíðavéla
- vinnuaðstöðu og vinnuumhverfi
- algengasta smíðavið og smíðafestingum
- undirstöðuatriðum við skipulagningu og verkferla í byggingariðnaði
- reglugerðarákvæðum varðandi vinnuumhverfi
- helstu fagheitum í tréiðnaði
- grunnatriðum við gerð efnis- og aðgerðalista
- helstu mælitækjum og aðferðum
- helstu eiginleikum viðar og þurrkun timburs
- einstökum samsetningum og notkunarsviðum þeirra
- mismunandi tegundum verkæra, vélar og efna
- algengustu gerðum og notkunar sviðum helstu límtategunda í tréiðnaði
- nöglum og skrúfum og notkun þeirra í trésmíði
- efni og yfirborðsmeðhöndlun festinga
- grunnatriðum í yfirborðsmeðferð smíðaviðar og plötuefnis
- öryggisreglum og öryggisráðstöfunum við yfirborðsmeðferð
- uppbyggingu og notkun algengustu trésmíðavél

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota helstu trésamsetningar við einfalda trésmíði
- beita faglegri nálgun við úrvinnslu verkefna
- nota rétta staðsetningu og líkamsbeitingu við vélavinnu
- velja snúnings- og mötunarhraða fyrir trésmíðavélar

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- umgangast og nota rafmagnshandverkfæri og önnur handverkfæri
- aðlaga sig að mismunandi vinnuumhverfi
- beita öryggisreglum og nota öryggisbúnað sem notaður er við véltrésmíði
- velja efni og verkfæri eftir eðli verkefnis

Námsefni:

Vinnuleyfi á trésmíðavélar eftir Skjöld Björnsson. Efni og teikningar frá kennara, ljósrit og efni af interneti.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vinna í vélum og með handverkfæri, samanber bók Skjaldar. Byrjum á að smíða tvo búkka.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
33	18 – 20.08	Upphof kynning. Bók Skjaldar kynnt og farið yfir væntanleg verkefni í vetur. Kynning á vélum sem við komum til með að kynnast í vetur og hvernig við komum til með að haga kennslu	
34 - 35	23.08 – 03.09	Efnistaka búkka. Hefja vinnu – Bók Skjaldar	Skila efnislista
36 - 37	06.09 – 17.09	Vinna við búkka – bók Skjaldar	
38 - 39	20.09 – 01.10	Vinna við búkka – bók Skajldar	Stutt verkefni tengt því sem við höfum verið að gera.
40 - 41	04.10 – 15.10	Vinna við búkka – bók Skjaldar	
42 - 43	18.10 – 29.10	Vinna við búkka - bók Skjaldar	
44 - 45	01.11 – 12.11	Vinna við búkka – bók Skjaldar	
46 - 47	15.11 – 26.11	Vinna við búkka – bók Skjaldar	Stutt verkefni tengt því sem við höfum verið að gera.

48	29.11 – 03.12	Ljúka við búkka – bók Skjaldar – yfirferð yfir áfangann, hvernig hefur tekist til. Hvað megi betur fara og hvort áfanginn komi til með að nýtast í framhaldinu.	
49		Námsmat	

Við komum til með að skipta hópnum upp við vélafraðsluna og fræðslu um rafmagnshandverkfæri samanber bók Skjaldar. Aðal smíðaverkefni vetrarins er smíði á tveim búkkum, þar sem við fórum yfir efnistöku, vélavinnslu, samsetningu og yfirborðsmeðhöndlun. Ef við höfum nægan tíma tökum við fyrir annað verkefni sem gaman væri fást við.

Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þáttöku í umræðum í áfanganum. Leið og nemandi fer að tjá sig og taka þátt í umræðum um námið og það sem verið er að kenna hverju sinni eru líkur á að nemandinn skilji það sem við erum að fjalla um og bæti þannig stöðugt á þekkingu sína fyrir sveinspróf í húsasmíði.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tínum.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Ástundun	Raunmæting í kennslustundum samkvæmt skráningu í Innu. Þátttaka í tínum, hlustun, spurningar, virkni, gagnrýn hugsun.	10 %
Samvinna í tínum – hóp	Gott – í lagi – viðunandi- þarf að bæta	10 %
Verklag, sjálfstæði, fagmennska	Gott – í lagi – viðunandi – þarf að bæta	10 %
Efnistaka búkka		10 %
Smíði búkka	Hverníg mál stendur á efni, vélavinnsal, áferð – breidd og hæð - heildar útlit.	40 %
Tímaverkefni 1	Verkefni tengt bók Skjaldar	10 %
Tímaverkefni 2	Verkefni tengt bók Skjaldar	10 %

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.